



Hafnarfjarðarkaupstaður
Rannveig Einarasdóttir, sviðsstjóri
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 3. júlí 2017
Tilv.: SRN17060108/7.19.2

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir hönd samráðshóps félagsmálastjóra á höfuðborgarsvæðinu, dags. 21. júní 2017, þar sem óskað er eftir áframhaldandi aðkomu Jöfnunarsjóðs að greiðslu framlaga vegna innra eftirlits vegna þjónustu við fatlað fólk.

Sótt er um framlagið á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 179/2016 sem kveður á um heimild ráðstöfunar fjármagns til að stuðla að nýsköpun eða þróunarvinnu til framþróunar í málaflokknum. Óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði vegna ársins 2017 að fjárhæð 6,6 m.kr. Í erindinu er jafnframt óskað eftir að Jöfnunarsjóður komi að hækkun framlagsins á síðari hluta ársins, en sú hækkun byggir á að stöðugildi sem komið hefur að þessari vinnu verði hækkað úr því að vera 50% í 100%.

Erindið var lagt fram til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi ráðgjafarnefndar sjóðsins 30. júní 2017. Að umfjöllun lokinni samþykkti nefndin að veita framlag að fjárhæð 6,6 m.kr. vegna ársins 2017 en jafnframt kom það fram í umfjöllun nefndarinnar að ákvörðunin útilokar ekki frekari framlög á árinu 2017 taki samráðshópurinn ákvörðun um að hækka kostnað vegna verkefnisins.

Í ljósi framangreindrar samþykktar óskar ráðgjafarnefndin jafnframt eftir upplýsingum í formi greinargerðar um framgang verkefnisins á árinu 2016.

Fyrir hönd ráðherra


Guðni Geir Einarsson


Tinna Dahl Christiansen